

Föstudaginn 24. maí 1946.

Kærumálið nr. 7/1946. Sighvatur Blöndahl
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Synjun frests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 6. þ. m., er hingað barst 14. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 6. þ. m., þar sem dómari synjar sóknaraðilja ex officio um frest í máli hans gegn varnaraðilja. Kærandi hefur ekki sent hæstarétti neina greinargerð eða kröfur, en ætla má, að kært sé í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Varnaraðili hefur ekki borið fram neina greinargerð eða kröfur í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. þ. m., hefur Sighvatur Blöndahl cand. jur., Suðurgötu 18 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1944, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 100000.00, svo og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til *vara*, að honum verði aðeins gert að greiða hæfilegt endurgjald fyrir not herstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku á húsum og landi stefnanda í Engey. Til *þrautavara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda. Þá hefur stefndi í öllum tilvikum krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefnda beri að greiða sér hina kröfðu fjárhæð í skaðabætur fyrir spjöll, er orðið hafi af völdum setuliðs Bandaríkja Norður-Ameríku á landi, húsum og mannvirkjum á eignarjörð hans, Engey.

Mál þetta var þingfest þann 14. desember 1944, og lagði umboðsmaður stefnanda þá fram stefnu og yfirlýsingu um, að samkomulag væri með aðiljum um að ganga fram hjá sáttamönnum. Umboðsmaður stefnanda fékk síðan frest til 5. apríl 1945 til að rita greinargerð af sinni hendi, þar sem hann kvaðst eigi geta það, fyrr en mat hefði farið fram á nefndum spjöllum. Frestur þessi var síðan framlengdur oft, og þann 4. október 1945 lagði umboðsmaður stefnanda loks fram greinargerð svo og matsgerðir. Þann dag fékk umboðsmaður stefnda frest til að rita greinargerð af sinni hálfu til 25. s. m. Sá frestur var síðan margoft framlengdur, þar sem umboðsmaður stefnda taldi sig eigi geta ritað greinargerð fyrr en aflað hefði verið ýmissa gagna frá hinni erlendu herstjórn. Þann 7. febrúar 1946 kom loks greinargerð frá umboðsmanni stefnda. Þann dag fengu umboðsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til gagnaöflunar til 7. marz s. á. Þann 7. marz fengu umboðsmenn aðilja framhaldsfrest til gagnaöflunar til 4. apríl s. l. Þann dag óskuðu umboðsmenn aðilja enn eftir framhaldsfresti til gagnaöflunar til 2. þ. m. Færði umboðsmaður stefnanda þau rök fyrir beiðni sinni, að honum væri nauðsyn á að afla gagna og skýrslna hjá nafngreindum manni, er þá dvaldi erlendis, en von væri á hingað til lands á næstunni. Var frestur þessi síðan veittur. Á bæjarþingi þann 2. þ. m. óskuðu umboðsmenn aðilja enn eftir tveggja vikna framhaldsfresti til gagnaöflunar, og færði umboðsmaður stefnanda sömu rök fyrir frestbeiðni inni og áður greinir.

Tók dómarrinn þá atriðið ex officio til úrskurðar.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að umboðsmenn aðilja hafa haft marga og langa fresti í máli þessu, sem þeir virðast eigi hafa notað, sem þeim bar. Þeir hafa haft sameiginlegan frest til gagnaöflunar frá 7. febrúar s. l., en á því tímabili hafa engin gögn fram komið frá þeim. Að því er varðar gögn þau, er umboðsmaður stefnanda telur sig þurfa að fá frá áðurnefndum manni, sem erlendis dvelur, þá mun hann hafa farið af landi brott löngu eftir, að mál þetta var höfðað, og allt óvist um heimkomu hans nú. Þá hefur eigi komið ljóst fram, hvers konar gagna eigi að afla hjá manni þessum. Með vísan til alls þessa og með skirskotun til ákvæða 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 um einkamál í héraði, þá þykja umboðsmenn aðilja þegar hafa fengið nægjanlega fresti í máli þessu, og verður frekari frestur því ekki veittur.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.